



## LISTIR



Daniel Chust Peters beinir upptökuvél á litla gull-efirgerð af vinnustofu sinni og varpar myndinni á vegg.



Knattspyrnumaðurinn efnilegi ákveður að snúa sér að vídeólist í söngleik Carles Congost, Ákveðin dulúð, sem sýndur er á Kjarvalsstöðum.

## Spænsk fyndni, íslensk alvara

### MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðið

VESTURSALUR – SJÓ LISTAMENN  
FRÁ BARSELÓNA  
GANGUR – ERLA ÞÓRARINSDÓTTIR

**Safnið er opið alla daga frá 10–17.  
Sýningunum lýkur 9. maí.**

BARSELÓNA skipar veigamikinn sess í þróun nútímalistar, skartar t.d. listamönnum eins og Salvador Dalí, Juan Miro, Antoni Tápies og Pablo Picasso sem m.a. hélt sína fyrstu sýningu þar árið 1900. Er óhætt að segja borgina einhverja þá mikilvægustu fyrir myndlistina í upphafi móðernismans, þá auðvitað á eftir París. Spánn var hlutlaus í fyrri heimsstyrjöldinni og sóttu margir listamenn því hæli í Barselóna, Má þar nefna Francis Picabia sem kynnti Dada-stefnuna fyrir borgarbúum og gaf þar út Dada-tímaritið 391. Hefð hefur svo skapast hjá listamönnum borgarinnar fyrir hugmyndalegri nálgun við listina sem margir vilja meina að sé helsti styrkur katalónskra listamanna í dag.

David G. Torres er einmitt þeirrar skoðunar en hann er sýningarstjóri á yfirstandandi sýningu sjö listamanna frá Barselóna í vestursal Kjarvalstaða – Listasafns Reykjavíkur. Með sýningunni leitast hann við að skilgreina samband á milli listar og hugsunar og velur þar með listamenn sem á ólíkan hátt sækja í arf hugmynda-listar eða konseptlistar. Listamennirnir sjö heita Marti Anson, Ignasi Aballí, Carles Congost, Antonio Ortega, Mabel Palacín, Daniel Chust Peters og Tere Recarens og hafa þau verið að skapa sér nafn í heimalandi sínu og víðar.

Sýningin ber heitið „Litið lengra – Horft í gegn“ og kemur hingað sem skiptisýning. Í hennar stað sendi Listasafn Reykjavíkur sýningu á verkum nokkurra íslenskra listamanna til La Capella í Barselóna.

### Skondin skiptisýning

Gamansemi er ríkjandi á sýningunni. Leiktími Marti Ansons er t.d. þrælskoptlegt myndband um hversdagsleikann í anda gamalla farsa eða Warner Bros teiknimynda, skjámynd Daniels Chust Peters af litilli eftirmynd af vinnustofu sinni kitlar mig einnig í magann og jafnvel „mistök“

Ignasi Abullís eru á sinn hátt skondin útfærsla á minimal-konseptlist síðustu aldar. Helst er það þó söngleikur Carles Congost sem mér finnst hitta í mark. Þetta er stuttur heimatilbúinn söngleikur í „80s“ stíl sem fjallar um ungan og efnilegan knattspyrnumann sem er gíntur af listagyðjunum og gerist vídeólistamaður, vinum sínum og vandamönnum til mikillar niðurlægingar. Congost er þarna að hnýta í spænsku þjóðarsálinu en knattspyrna er gríðarlega mikilvæg þar í landi og þá sérstaklega í Barselóna. Congost spilar líka vel á söngleikjaformið með tilheyrandi óperu-innslagi í anda Rogers/Kern og Hammerstein, s.s. South Pacific eða Show Boat, þegar hinn þjáði vinnumaður, ýmist bassi eða mezzosópran, tekur blúsinn sinn. Í söngleik Congost er það andi hins þjáða og godsagnakennda listamanns sem fussar yfir tiskubylgju vídeólistar og minnst dagana þegar hann drap dýr til að búa sér til stríga, malaði litaduft úr villtum blómum og át skít til að seðja hungrið.

Í heildina er þetta forvitnileg og skemmtileg sýning þótt ekki sé um stórviðburð að ræða. Þykir mér því merkilegt miðað við þá umræðu sem hér hefur verið um nauðsyn þess að hafa alþjóðlegar sýningar á Íslandi til að fá réttan samanburð á íslenska samtímalist, að sýningin virðist gersamlega hverfa í sýningarflöru Reykjavíkur. Algert áhugaleysi er um hana, meira að segja af hálfu ástandenda Listasafns Reykjavíkur, að mér sýnist, en ekkert er gert til að kynna eða auglýsa sýninguna né listamennina annars staðar en á heimasíðu listasafnsins. Mætti því halda að hér sé ómerkileg skiptisýning á ferð sem safnið tók við til að geta sent íslenska listamenn til Spánnar. Kannski er það líka viðhorfið sem ríkir. En raunin er samt önnur. Hér er verið að bjóða upp á ágætt sýnishorn af því sem ungrir listamenn eru að fást við sunnan hafs. Carles Congost, sem dæmi, er myndlistarmaður og poppari og má líka stöðu hans í spænskum listheimi við stöðu Egils Sæbjörnssonar í þeim íslenska, nema að Spánverjar eru jú 48 milljónum fleiri en Íslendingar.

### Frá hinu holdlega til hins guðdómlega

Á ganginum á Kjarvalstöðum sýnir



Vængir Gabriels á sýningu Erlu Þórarinsdóttur, Corpus lucis sensitivus.

Erla Þórarinsdóttir 8 málverk undir heitinu „Corpus lucis sensitivus“ eða „Hinn ljósnæmi líkami“. Fæst Erla við málverkið sem áþreifanlegan líkama í sjálfu sér, sem var algennt viðhorf til málverka í upphafi abstrakt expressjónismans um og eftir síðari heimsstyrjöldina. Verkin eru unnin með línolíu, litadufti og silfri. Hefur efnablöndunin ásamt birtu sólar þau áhrif af silfrið gulnar og tekur að líkjast gulli. Á þessu leyti er Erla komin á svið gullgerðarlistar (alchemy) sem voru vinsæl vísindi á tímum endurreisnarinnar. Var þá gull álitid guddómlegt efni og vildu gullgerðarlistamenn eða alkemistar breyta ódýrum málum í gull og færa þannig óhreint efni á æðra stig. Erla breytir auðvitað ekki línolíu, litadufti og silfri í gull. Eðli þessara efna helst óbreytt í myndunum, en myndlíkingin og samhengið breytir merkingu þeirra og má líka stöðu hans í spænskum listheimi við stöðu Egils Sæbjörnssonar í þeim íslenska, nema að Spánverjar eru jú 48 milljónum fleiri en Íslendingar.

Hvað málverkin varðar er hver mynd sjálfstætt verk en saman skapa þær samtál á milli hins dýrlega og hins guddómlega sem gefur sýningunni aukið gildi. Hafði ég talsverða ánægju af að lesa í og túlka táknmyndirnar sem Erla notar til að skapa þetta samtál. Í fyrsta málverkinu í myndröðinni notast listakonan við blóðrauðan lekandi lit og horn sem er táknmynd Dionýsúsar eða hins dýrlega og holdlega. Síðasta málverkið í röðinni er í tærum litum með auga á miðjum fletinum sem væntanlega táknar hinn alsjáandi guð eða hreina vitund. Þar á milli á sér svo stað ferli frá hinu dýrlega til hins guddómlega, sem t.d. birtist í táknmyndum eins og valentínusarhjarta (táknmynd ástar manns og konu), klukkuformi (sem merkir guddómlegan eða tæran hljóð sem færir frá hið dionýsíska) og englavængjum, en englar eru guddómlegar verur sem samkvæmt gamla testamentinu missa vængi sína og guddómleika ef þeir hafa mök við jarðneskar konur.

Þetta er semsagt vel hugsuð sýning hjá Erlu og fer nú hver að verða síðastur að sjá hana, eins og sýningu Börsunganna, en báðum sýningunum lýkur á sunnudaginn kemur.

Jón B. K. Ransu

## Skagfirska söngsveitin

SKAGFIRSKA söngsveitin í Reykjavík heldur tvenna tónleika á þessu vori, að þessu sinni í Langholtskirkju kl. 20 í kvöld, fimmtudagskvöld, og kl. 17 á laugardag. Í vor eru 20 ár síðan Björgvin P. Valdimarsson stjórnaði sínum fyrstu tónleikum með Skagfirsku söngsveitinni, en hann tók við söngstjórninni af Snæbjörgu Snæbjarnardóttur haustið 1983. Björgvin og söngsveitin hafa átt farsælt samstarf og hefur sveitin frumflutt fjölda laga hans, sem mörg hver þrýða nú söngskrá annarra kóra.

Söngskráin nú tekur að nokkru mið af því að kórinn er að fara í söngferð til Kanada í sumar. Á efniskránni eru íslensk þjóðlög, sönglög eftir íslensk tónskáld auk sönglagasyrpu eftir Björgvin P. Valdimarsson. Björgvin hefur í tilefni Kanadaferðarinnar samið lag við kvæði Stephans G. Stephanssonar, Við verkalok, og verður það frumflutt á tónleikumunum. Af erlendum verkum ber hæst kafla úr sköpuninni eftir Joseph Haydn. Einsöng með kórnum syngur Kristín R. Sigurðardóttir og kórfélagarnir Ragna Bjarnardóttir, Guðmundur Sigurðsson, Magnús Sigurjónsson og Baldvín Júlíusson. Undirleikari er Dagný Björgvinsdóttir.

## Jórukórinn syngur um ástina

JÓRUKÓRINN á Selfossi heldur sína árlegu vortónleika í Hvíta húsinu við Hrímsýri á Selfossi. Tónleikarnir verða tvennir að þessu sinni. Hinir fyrri verða á morgun, fimmtudag, en hinir síðari á sunnudag. Hvorir tveggja tónleikarnir verða kl. 20.30.

Að þessu sinni er kórinn með eins konar þematónleika því meginviðfangsefni kórsins í vetur hefur verið tónlist sem fjallar um hinar ýmsu hliðar ástarinnar.

Stjórnandi kórsins er Helena Káradóttir og undirleikari er Þórlaus Bjarnadóttir. Auk Þórlausar leika með kórnum Smári Kristjánsson á bassa, Jóhann Stefánsson á trompet og Petra Sigurðardóttir á þverflautu.

### Í DAG

**Mokka, Skólavörðustíg** Gunnar Scheving Thorsteinnsson sýnir málverk til 6. júní. Á sýningunni bregður fyrir ýmsu mektarfolki, leiðtogum og stórstjórnunum.

**Félagsheimilið á Hvammstanga kl. 20.30** Raddbandafélag Reykjavíkur á tónleikum á Hvammstanga. Flytur tónlist úr ýmsum áttum, m.a. íslensk þjóðlög og sönglög, erlend þjóðlög í ýmsum buningi, barbershop lög og erlend dægurlög. Raddbandafélagið var stofnað fyrir rúmu ári og í því starfa nú fjórtán söngmenn. Stjórnandi Raddbandafélags Reykjavíkur er Sigrún Grendal. Tónleikarnir eru liður í tónleikaröð Tónlistarfélags Vestur-Húnavetninga.

## GULA LÍNAN

1444  
www.gulalinan.is



Frábærar, fjörugar og fjölbreyttar ævintýraferðir fyrir útskriftarhópa og alla sem vilja upplifa ævintýr

Upplýsingar í síma 562-7700  
www.travel-2.is

TRAVEL-2



laugflokkastur

Kjüllli frá Ísfugli  
sími: 566 6103  
Ísfugli@isfugli.is www.isfugli.is